

REGLUGERÐ

um aflaheimildir samkvæmt 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða
á fiskveiðiárinu 2025/2026.

1. gr.

Aflaheimildir Byggðastofnunar.

Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar aflaheimildir, sem ráðherra ákvarðar samkvæmt heimild í 5. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006, til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi, sbr. 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Aflaheimildir Byggðastofnunar á fiskveiðiárinu 2025/2026 skiptast á eftirgreindar botnfisktegundir í hlutfalli við leyfðan heildarafla af eftirfarandi tegundum:

Tegundir	Tonn upp úr sjó	Þorskígildistonn
Þorskur	3.115	2.617
Ýsa	1.196	717
Ufsi	919	473
Steinbítur	146	60
Gullkarfi	560	303
Keila	106	28
Langa	78	32
Samtals:	6.120	4.230

2. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Reglugerð þessi er sett skv. 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 29. ágúst 2025.

Eyjólfur Ármannsson.

Aðalsteinn Þorsteinsson.